

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 6385/2011

Reykjavík, 16. janúar 2017

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
b.t. Guðmundar Árnasonar ráðuneytisstjóra  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Ég vísa til samtals við yður vegna umfjöllunar um birtingu á skýrslu starfshóps um eignir Íslendinga á aflandssvæðum og tekjutap hins opinbera. Með bréfi þessu fylgir til upplýsinga afrit af bréfi sem ég hef sent formanni þingflokks Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í framhaldi af ábendingu hennar til mín, dags. 9. janúar sl., er laut að birtingu skýrslunnar. Eins og kemur fram í niðurlagi bréfs míns til þingflokksformannsins hef ég um skeið unnið að frumkvæðismáli þar sem ég mun með almennum hætti fjalla um þær skyldur og heimildir sem stjórnvöld hafa til að veita almenningi, og þá t.d. fjölmiðlum og kjörnum fulltrúum fyrir þeirra hönd, aðgang að upplýsingum og gögnum sem varðveitt eru eða verða til hjá opinberum aðilum. Þessi umfjöllun mun taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á lögum og reglum um þessi mál, s.s. með nýjum upplýsingalögum frá árinu 2012 og siðareglum, og með hliðsjón af framkvæmd þessara mála af hálfu stjórnvalda.

Athugun mín á þeim drætti sem varð á opinberri birtingu áður nefndrar skýrslu hefur orðið mér tilefni til að óska eftir að fjármála- og efnahagsráðuneytið láti mér í té eftirfarandi gögn og upplýsingar þannig að ég geti haft þau til hliðsjónar í umræddu frumkvæðismáli.

1. Ég óska eftir afritum af skipunarbréfi starfshópsins, skilabréfi hans eða öðrum gögnum sem segja til um hvenær skýrslunni var skilað til ráðuneytisins og hún var komin í það horf að ráðuneytið taldi hana tilbúna til opinberrar birtingar.
2. Jafnframt óska ég eftir upplýsingum um hvort skýrslan hafi verið kynnt í ríkisstjórn og þá hvenær sem og afritum af gögnum sem lögð voru fram við þá kynningu.
3. Í þeim frásögnum fjölmiðla sem ég hef kynnt mér vegna skýrslunnar hefur komið fram að tilteknir fjölmiðlar hafi, meðan á gerð

skýrslunnar stóð og eftir að upplýst var að hún væri komin til ráðuneytisins en áður en hún var birt á heimasíðu þess, sent ráðuneytinu erindi vegna hennar. Af þessu tilefni óska ég eftir afritum af þessum erindum og svörum við þeim ásamt öðrum gögnum sem til eru um hvernig brugðist var við þessum erindum af hálfu ráðuneytisins.

4. Samkvæmt heimasíðu ráðuneytisins var skýrslan birt þar samhliða frétt um hana föstudaginn 6. janúar sl. Um leið og ég óska eftir upplýsingum um hvað réð því að skýrslan var birt þann dag óska ég eftir upplýsingum um klukkan hvað skýrslan var sett inn á heimasíðuna og hvað réð þeirri tímasetningu.

Það er ósk mín að umbeðin gögn og upplýsingar berist mér eigi síðar en 27. janúar nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson